

Mánudaginn 2. júní 1997.

Nr. 7/1997.

**Vinnuveitendasamband Íslands  
f.h. Hf. Eimskipafélags Íslands**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands  
vegna Verkamannasambands Íslands  
f.h. Verkamannafélagsins Hlífar**

(Ástráður Haraldsson hrl.)

Samúðarvinnustöðvun.

**Dómur Félagsdóms.**

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gyli Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 23. þ.m. var dómtekið 28. maí sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík fyrir hönd Hf. Eimskipafélags Íslands, kt. 601273-0129, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50b, Reykjavík f.h. Verkamannafélagsins Hlífar, kt. 620169-3319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að samúðarvinnustöðvun á löndun og afgreiðslu skipa sem gerð eru út frá Vestfjörðum, sem boðuð var af stefnda Verkamannafélaginu Hlíf með bréfi dags. 12. maí 1997 og kom til framkvæmda kl. 24:00 fimmtudaginn (svo) 21. maí 1997, verði dæmd ólögmæt.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, Verkamannafélagsins Hlífar.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Þá er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og beri honum því nauðsyn til að fá sér tildæmda fjárhæð úr hendi stefnanda sem svari til fjárhæðar virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málavextir.*

Hinn 24. mars 1997 komst á kjarasamningur milli stefnda, Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) og stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ). Með samningi þessum var samið um kaup og kjör í almennri verkamannavinnu aðildarfélaganna VMSÍ. Verkamannafélagið Hlíf átti aðild að samningsgerðinni, en hafði áður staðið að verkfalli til að knýja á um kröfur sínar í vinnudeilunni. Því lauk með áðurgreindum samningi sem samþykktur var í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna.

Ekki áttu öll aðildarfélög VMSÍ aðild að samningaviðræðum þess og stefnanda. Þannig hafa aðildarfélög VMSÍ á Vestfjörðum falið Alþýðusambandi Vestfjarða (ASV) umboð til samningsgerðar. Kauptaxtar síðastgildandi samninga ASV og vinnuveitenda eru í öllum meginatriðum samhljóða samningum annarra félaga verkamanna við VSÍ.

Samningar þeir sem tókust með VMSÍ og VSÍ þann 24. mars 1997 voru felldir í nokkrum aðildarfélögum VMSÍ og var nýr samningur gerður við þau þann 22. apríl 1997. Sá samningur var samhljóða þeim fyrri með þeirri viðbót að við var aukið nýju launaþrepi fyrir sérhæft fiskvinnslufólk eftir 10 ára starf hjá sama atvinnurekanda auk tveggja annarra minni frávíka. Við þá samningsgerð var að sögn stefnanda eftir því gengið að VSÍ myndi gefa öðrum félögum VMSÍ, sem samþykkt hefðu samningana, kost á sömu breytingum. Því hafi verið svarað að ef öll aðildarfélögin samþykktu samningana þá gæfi VSÍ kost á viðræðu um þetta til að samræma kaup-taxta fiskvinnslufólks um land allt. Til þess hafi þó ekki komið, að sögn stefnanda, m.a. vegna verkfalls á Vestfjörðum og sökum þess að enn er ólokið samningum við þrjú önnur aðildarfélög VMSÍ.

Stefnandi segir að þrátt fyrir langvinnar samningaviðræður við samninganefnd ASV hafi ekki tekist samningar við sambandið enda hafi það krafist mun meiri hækkana á kaup-töxtum en fólust í öðrum samningum verkafólks.

Félög innan ASV hófu verkfall þann 21. apríl sl. til að knýja á um kröfur sínar, þ. á m. Verkalýðsfélagið Baldur, en það félag er eitt aðildarfélag VMSÍ. Einstök félög innan ASV, svo sem Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Tálknafjarðar, hafa samið með hliðstæðum hætti og VMSÍ félögin við stefnanda eða nánar tiltekið Vinnuveitendafélag Vestfjarða sem

er staðbundið félag aðildarfyrirtækja VSI. Þeir samningar voru á sömu nótum og samið hafði verið við VMSÍ.

Verkfall aðildarfélaga ASV nær ekki til sjómanna sem eru almennt félagsbundnir í félögum innan ASV. Fljótlega komu upp deilur varðandi löndun vestfirskra skipa.

Stjórn stefnda, Verkamannfélagsins Hlífar, samþykkti að félagsmenn þess mættu ekki vinna við afgreiðslu skipa sem að öðrum kosti hefðu landað á Vestfjörðum. Þetta hafi átt að gilda meðan verkfall stéttarféлага á Vestfjörðum standi yfir. Frá þessu banni hvarf stefndi og efndi til formlegrar atkvæðagreiðslu meðal þeirra félagsmanna sem starfa hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands við afgreiðslu skipa í Hafnarfjarðarhöfn um tillögu að samúðarvinnustöðvun. Tillagan var samþykkt og í framhaldi af því boðaði félagið samúðarvinnustöðvun frá kl. 24:00 miðvikudaginn 21. maí 1997.

Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, mótmælti verkfallsboðun stefnda sem ólögmætri.

Stefnandi segir stefnda þegar í upphafi samningaviðræðna sl. haust hafa gert kröfu um að geta opnað samninga semdu aðrir hópar launamanna um frekari hækkanir en felast myndu í samningum hans. Þá hafi svipaður áskilnaður komið fram í kröfugerð VMSÍ. Fulltrúar aðildarfélaga VMSÍ hafi einnig lagt á það áherslu að taxtar fiskvinnslufólks yrðu sem líkastir um land allt eins og raunin hafi verið mörg undangengin ár.

Stefnandi segir samúðarvinnustöðvun stefnda hafa valdið aðildarfyrirtækjum stefnanda óþægindum og tjóni.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfu sína á því að með undirritun kjarasamnings Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands þann 24. mars 1997, sem síðar var samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsmanna stefnda, Verkamannafélagsins Hlífar, hafi stefnandi tryggt félagsmönnum sínum starfsfrið við vinnu samkvæmt þeim samningi. Boðun samúðarvinnustöðvunar, sem miði að því að knýja stefnanda og aðildarfélög hans til að fallast á frekari kröfur annarra aðildarfélaga Verkamannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða en fólust í samningi hans og stefnda fyrir sömu eða sambærileg störf, séu samningsrof og því ólögmæt. Aðildarfélög VMSÍ hafi með samningi skuldbundið félagsmenn sína til að

vinna fyrir umsamið kaupgjald á samningstímanum og þannig fallið frá rétti til að beita vinnustöðvun til að þvinga fram frekari hækkanir. Með sama hætti hafi VSÍ skuldbundið aðildarfyrirtæki sín til að greiða a.m.k. það kaup sem þar um samdist án möguleika á að þvinga fram lækkun á því kaupgjaldi á samningstímanum. Samúðarvinnustöðvun sem miði að því að knýja fram breytingu á sömu kauptöxtum annarra félaga geri þann frið, sem samningum á að fylgja, að engu. Verulega hærri kauptaxtar fyrir störf í fiskvinnslu og önnur verkamannastörf, sem stefnandi yrði þvingaður til að semja um við ASV umfram aðra viðsemjendur sína, muni óhjákvæmilega kalla á óróleika og viðbrögð af þeirra hálfu.

Það sé skilyrði samúðarverkfalls að það sé ekki líklegt til að hafa áhrif á samningamál milli þess aðila sem að verkfallinu stendur og þess sem verður að þola það.

Friðarskyldan sem bindur samningsaðila á gildistíma kjarasamnings sé meginregla og beinlínis forsenda kjarasamninga. Heimildin til boðunar samúðarverkfalls sem leidd hefur verið af ákvæðum 3. t. l. 17. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur sé frávik frá þeirri meginreglu sem beri að túlka þröngt.

Þá bendir stefnandi á að kauptaxtar þeir, sem Vinnuveitendasambandið hefur samið um við félög verkafólks hafi lengst af verið nær samhljóða um allt land, sýni einnig áherslu samningsaðila á að greiða beri fyrir sömu störf með hliðstæðu kaupi um allt land. Kröfur ASV miði hins vegar að mun meiri hækkunum þessara samræmdu kauptaxta verkamanna en þegar hafi samist um við þorra aðildarféлага Verkamannasambands Íslands, þ.m.t. Verkamannfélagið Hlíf. Forsendur þeirra samninga telur stefnandi m.a. hafa verið að hann semdi ekki um verulega hærri taxa fyrir sömu störf við aðra aðila.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi einnig til þess að samningsaðilum sé skylt að virða gerða kjarasamninga.

Stefnandi vísar til 14. gr. og 3. t. l. 17. gr. laga nr. 80/1938 svo og 5. mgr. 5. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 75/1996.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi mótmælir sérstaklega sem röngum bollalaggingum og fullyrðingum sem fram koma í stefnu, varðandi það að tilgangur

stefnda með samúðarvinnustöðvun þeirri sem um er deilt í málinu sé einhver annar en sá að styðja við lögmætt verkfall stéttarfélaganna á Vestfjörðum.

Stefndi telur málatilbúnað stefnanda fráleitan og fjarri lagi sé að kröfur hans geti náð fram að ganga og telur að eðlilegt væri að af hálfu dómsins yrði litið til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndi telur, að ef kröfur stefnanda í máli þessu næðu fram að ganga, væri hægt að rökstyðja að samúðarvinnustöðvanir hefðu í raun verið dæmdar ólögðætar að íslenskum rétti.

Af hálfu stefnda er á því byggt að samúðarverkföll séu heimil að íslenskum rétti og vísar stefndi í því sambandi til 3. tl. 17. gr. vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 en þar sé kveðið á um það að óheimilt sé að hefja verkfall til styrktar félagi sem hafið hefur ólögðæta vinnustöðvun. Með einfaldri gagnályktun frá þessu ákvæði hafi jafnan verið talið að samúðarvinnustöðvun sé heimil svo fremi að aðalverkfallið sé lögmætt. Í nokkrum dómum Félagsdóms hafi þessi regla verið staðfest. Sama regla sé almennt viðurkennd í vinnurétti allra Norðurlanda og ekkert hafi gerst í lögum, venjum eða dómum sem breyti nefndri reglu.

Þau atriði sem fræðimenn nefni helst sem skilyrði lögmæts samúðarverkfalls séu samkvæmt skilningi stefnda eftirfarandi:

1. Um verði að vera að ræða lögmætt aðalverkfall.

Ekki virðist vera ágreiningur í þessu máli um það að um lögmætt aðalverkfall sé að ræða. Því sé ekki haldið fram af hálfu stefnanda að neitt vanti á að þessu skilyrði sé fullnægt.

2. Ljóst verði að vera hvaða verkfall samúðarverkfallinu sé ætlað að styðja.

Ekki virðist vera ágreiningur í þessu máli um það að samúðarverkfalli stefnda sé ætlað að styðja yfirstandandi verkföll stéttarfélaganna á Vestfjörðum. Því sé ekki haldið fram af hálfu stefnanda að neitt vanti á að þessu skilyrði sé fullnægt.

3. Formreglur um ákvörðun og boðun.

Þá verði að byggja á því að formreglur vinnulöggjafarinnar varðandi ákvörðun og boðun verkfalls, taki að svo miklu leyti sem við á til samúðarvinnustöðvunar á sama hátt og venjulegs verkfalls. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert um lögmæti aðgerða stefnda að þessu leyti.

4. Að einhver tengsl þurfi að vera á milli þess sem aðalverkfall og samúðarverkfall beinist að.

Af hálfu fræðimanna hafi því stundum verið haldið fram að einhver tengsl verði að vera á milli þess sem samúðarverkfall og aðalverkfall beinist að til að samúðarverkfall sé lögmætt. Í nokkrum dómum Félagsdóms hafi verið um þetta fjallað en staðan að þessu leyti sé nokkuð óljós í íslenskum dómsúrlausnum. Af hálfu stefnda sé litið svo á að samkvæmt norrænum rétti þurfi engin tengsl að vera á milli atvinnurekanda sem aðalverkfall beinist að og þess sem samúðarverkfall beinist að. Þar sem stefnandi haldi því ekki fram að neitt bresti á um að skilyrði séu til samúðarverkfalls að þessu leyti séu ekki efni til að fjalla frekar um þetta umdeilda skilyrði.

5. Tilgangur samúðarverkfalls verði að vera sá að styrkja aðalverkfallið, ekki að ná fram kröfum þess sem gerir samúðarverkfall.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið sé aðeins eitt þeirra skilyrða, sem talin hafi verið til sem skilyrði lögmætrar samúðarvinnustöðvunar, umdeilt með aðilum. Þannig virðist af stefnu að eina athugasemdin, sem stefnandi geri við lögmæti samúðarverkfalls stefnda, sé sú að með því sé stefnt að því að hafa áhrif á launakjör félagsmanna stefnda.

Af hálfu stefnda er á því byggt að milli stefnda og stefnanda sé gildandi samningur sem að öllu forfallalausni muni gilda þar til 15. febrúar árið 2000 og að báðir aðilar séu bundnir friðarskyldu með venjubundnum og lögbundnum skilmálum fram til þess tíma. Uppsagnarákvæði þess samnings sem undirritaður var þann 24. mars sl. séu í 20. gr. samningsins. Meðal þess sem leitt getur til uppsagnar samningsins sé ekki að verkafólk úr öðrum félögum nái að semja um betri kjör en samningur stefnda geri ráð fyrir. Þetta hafi verið á meðal þess sem stefndi hafi gert kröfu um að yrði í uppsagnarákvæði samningsins en því hafi verið hafnað af stefnda og um það hafi því ekki orðið samkomulag. Við þetta verði stefndi að una.

Stefndi vísar til ákvæða vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 einkum 3. tl. 17. gr. Varðandi málskostnað vísar stefndi til ákvæða einkamállaga nr. 91/1991, einkum 130. gr.

*Forsendur og niðurstaða.*

Mál þetta snýst um lögmæti samúðarverkfalls sem hið stefnda stéttarfélag boðaði stefnanda með bréfi, dags. 12. maí 1997, og kom til framkvæmda kl. 24:00 21. maí 1997. Samkvæmt bréfinu gildir

samúðarverkfallið „um löndun og afgreiðslu skipa sem gerð eru út frá Vestfjörðum af atvinnurekendum sem yfirstandandi verkföll stéttarfélaga á Vestfjörðum taka til“. Hinn 24. mars 1997 komst á kjarasamningur milli málsaðila sem gildir til 15. febrúar árið 2000.

Í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, er engum sérstökum ákvæðum til að dreifa um samúðarverkföll ef frá er skilinn 3. tl. 17. gr. laganna, en samkvæmt gagnályktun frá þeim tölulið hafa samúðarverkföll, sem lengi hafa tíðkast, verið talin lögleyfð og jafnframt að reglur II. kafla laganna um ákvörðun og framkvæmd verkfalla taki til þeirra, sbr. m.a. dóma Félagsdóms frá 14. febrúar 1941 (FD. I:130) og 16. júní 1975 (FD. VII:192). Hefur þetta verið ótvíræð regla í íslenskum rétti. Með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögum nr. 80/1938 með lögum nr. 75/1996 var ekki við þessu hróflað, sbr. m.a. nefndaralít meirihluta félagsmálanefndar Alþingis, dags. 13. maí 1996, (þingskjal nr. 954) þar sem sérstaklega er tekið fram, að því er varðar samúðarverkföll, að ekki sé „verið að breyta neinu um þann skilning Félagsdóms sem lagður er til grundvallar nú um slík verkföll“.

Í máli þessu er einungis um það deilt hvort umrætt samúðarverkföll hafi þau áhrif á samningamál hins stefnda stéttarfélags að það beri að telja ólöglegt af þeim sökum. Telur stefnandi að svo sé og ekki skipti út af fyrir sig máli hvort sá hafi verið tilgangurinn með samúðarverkföllinu eða að það sé fyrirsjáanleg afleiðing af því.

Samúðarverkföll telst vinnustöðvun eins aðila til stuðnings kröfum annars sem á í verkfalli. Það er skilyrði samúðarverkfalls að því sé ekki ætlað að hafa áhrif á sammingsbundna skipan mála milli þess aðila, sem að verkfallinu stendur, og hins sem það verður að þola. Er sú almenna friðarskylda, sem hvílir á aðilum gildandi kjarasamnings, háð þeim takmörkunum sem leiðir af heimild stéttarfélaga til að boða samúðarverkföll.

Hvað sem líður almennri viðleitni aðila vinnumarkaðarins til að samræma kauptaxta einstakra stéttarfélaga vegna sömu starfa, er hvert stéttarfélag allt að einu lögformlegur sammingsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt kröfugerð hins stefnda stéttarfélags í tilefni af viðræðum um nýjan kjarasamning, sem samþykkt var á félagsfundi 19. september 1996, skyldi þess freistað í launajöfnunarskyni að fá í nýjan kjarasamning „opnunarákvæði ef aðrir hópar launafólks fá meiri kauphækkun í

krónutölu á samningstímabilinu“. Þessi krafa náði ekki fram að ganga og er ekki slík ákvæði að finna í kjarasamningnum frá 24. mars 1997. Getur því niðurstaða kjarasamnings í kjölfar þess aðalverkfalls, sem í málinu greinir, ekki leitt til breytinga á samningsbundinni skipan hins stefnda stéttarfélags samkvæmt beinum samningsákvæðum.

Með vísan til þess, sem að framan greinir og þar sem ekki verður talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að umrætt samúðarverkfall hafi verið ákveðið í ólögætum tilgangi eða feli í sér annað en að vera til styrktar stéttarfélögum sem eru í lögættu verkfalli, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 150.000 og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Verkamannasambands Íslands f.h. Verkamannafélagsins Hlífar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Eimskipafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000 í málskostnað.

---